

Kaup Starfish Bidco AS á Benchmark Genetics Limited og Benchmark Genetics Norway AS

1. Þann 30. janúar 2025 barst Samkeppniseftirlitinu fullnægjandi samrunatilkynning vegna kaupa Starfish Bidco AS („Starfish“) á Benchmark Genetics Limited („Benchmark Genetics“) og Benchmark Genetics Norway AS („Benchmark Norway“). Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við ákvæði 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020. Samkvæmt framansögðu byrjuðu frestir eftirlitsins til að rannsaka samrunann skv. 17. gr. d samkeppnislaga, sbr. 9. og 12. gr. reglna um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum, að líða 31. janúar 2025. Með ákvörðun þessari, dags. 6. mars 2025, lýkur málinu án frekari rannsóknar eða íhlutunar líkt og nánar verður rökstutt.
2. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Með samrunanum eignast Starfish allt hlutafé í Benchmark Genetics og Benchmark Norway. Af viðskiptunum leiðir að Starfish öðlast yferráð yfir erfðatæknihluta Benchmark sem verður hluti af samstæðu félagsins, en félögin verða dótturfélög Starfish. Samkvæmt framangreindu fela kaupin í sér samruna í skilningi 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.
3. Í samrunaskrá kemur fram að Starfish Bidco AS sé að fullu í eigu Starfish Holdco AS, sem sé að fullu í eigu Novo Holdings A/S („Novo“). Novo er danskt einkahlutafélag sem heldur utan um eignir Novo samstæðunnar, en í henni eru m.a. Novo Nordisk A/S og Novonesis A/S. Samkvæmt samrunaskrá sérhæfir Benchmark Genetics sig í erfðatækni í tengslum við fiskeldi og selur hrogn og erfðatækniþjónustu til sjó- og landeldisfyrirtækja. Félagið fer með yferráð yfir Benchmark Genetics Iceland („BGI“) sem áður hét Stofnfiskur hf. BGI sérhæfir sig í ræktun og sölu á hrognum Atlantshafslax, ræktun á laxa- og hrognkelsaseiðum og sérhæfðri ræktun Atlantshafslax. Félagið rekur hrognahús og klakeldisstöð í Vogavík, klakeldisstöð í Kalmanstjörn, seiðaeldisstöð í Kollafirði og seiðastöð í Höfnum til að framleiða hrognkelsaseiði.
4. Að mati samrunaaðila starfar hið keypta, erfðatæknihluti Benchmark Genetics, fyrst og fremst á markaði fyrir framleiðslu og sölu á hrognum Atlantshafslax. Telja samrunaaðilar að landfræðilegur markaður málsins sé bundinn við Ísland þar sem óheimilt sé að flytja laxahrogn til landsins. Þá selji fyrirtækið hrognkelsi til laxeldisfyrirtækja til aflúsunar, en hrognkelsi er tegund hreinfiska sem nærast á sjólús. Um skörun í starfsemi aðila er á það bent í samrunaskrá að ekkert félag innan Novo samstæðunnar starfi á markaði tengdum sölu á hrognum Atlantshafslax fyrir laxeldi. Tvö félög starfi þó á mörkuðum tengdum fiskeldi, en hvorki sé lárétt né lóðrétt skörun í starfseminni. Annars vegar sé um að ræða Novonesis sem selji ensím og flórubætandi vörur sem notaðar séu í fiskeldi og hins vegar Stingray kerfið sem Stingray Marine Solutions AS („Stingray“) selji, en það kerfi sé notað til að fylgjast með og drepa sjólýs með leysigeisla.¹

¹ Novo eignaðist meirihluta í Stingray Marine Solutions AS á síðari hluta ársins 2024. Sjá frétt á vefsíðu Novo: „Novo Holdings to acquire majority stake in Stingray Marine Solutions, a leading provider of aquaculture technology“, 10. október



5. Að mati samrunaaðila séu vörur Stingray og BGI aðgreinanlegar út frá sjónarmiðum um eftirspurnar- og framboðsstaðgöngu. Þá geti laxeldisfyrirtæki beitt ýmsum aðferðum til að sporna við sjólús. Venjulega sé mismunandi aðferðum beitt samtímis, en það fari eftir aðstæðum hverju sinni. Þrátt fyrir að litið væri framhjá framangreindu og að staðganga væri talin á milli varanna telja samrunaaðilar að sameiginleg markaðshlutdeild samrunaaðila þegar kemur að aflúsun lax séu hverfandi. Hvað varðar möguleg samsteypuáhrif af samrunanum telja samrunaaðilar sölu BGI á laxahrognum og sölu Stingray á Stingray kerfinu ekki fela í sér viðbótarþjónustu eða skylda starfsemi og að í öllu falli sé ekki hægt að leiða að því líkur að neikvæð samsteypuáhrif geti hlotist af samrunanum. Hið sameinaða félag hafi hvorki getu né hvata til að vöndla saman vörum BGI og Stingray. Starfsemin muni vera aðskilin eftir viðskiptin og öll samskipti þeirra á milli fari fram á armslengdargrunni að sögn samrunaaðila. Engar sameiginlegar viðræður geti þannig orðið við viðskiptavini og þar af leiðandi engin tækifæri til að vöndla saman vörum eftir viðskiptin samkvæmt samrunaaðilum.
6. Við meðferð málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, meðfylgjandi gagna og annarra aðgengilegra upplýsinga um viðkomandi starfsemi og samkeppnismarkaði. Þá leitaði Samkeppniseftirlitið umsagna helstu keppinauta og viðskiptavina, auk annarra markaðsaðila. Þær umsagnir sem bárust og þau samtöl sem eftirlitið átti staðfestu framangreint í meginatriðum, en fæstir gerðu athugasemdir við samrunann. Umsagnir og fyrirliggjandi upplýsingar benda þó til þess að BGI sé í sterkri stöðu í framleiðslu og sölu á hrognum á Íslandi og á hrognkelsum. Þannig benti umsagnaraðili á að mikilvægt væri að sameinað félag nýtti ekki markaðsstyrk sinn til að hafa samkeppnishamlandi áhrif á val viðskiptavina, einkum með því að vöndla saman vörum BGI og Stingray kerfinu.
7. Að mati Samkeppniseftirlitsins er ljóst að BGI nýtur sennilega markaðsráðandi stöðu á mögulegum markaði fyrir framleiðslu og sölu á hrognum fyrir Atlantshafslax á Íslandi. Geta ákvæði 11. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, um misnotkun á markaðsráðandi stöðu, þar af leiðandi gilt um starfsemi félagsins. Sú aðstaða verður þó ekki rakin til þessara viðskipta. Að mati Samkeppniseftirlitsins eru laxahrogn og aflúsunarvörur tengdir markaðir. Í málinu liggja þó ekki fyrir gögn sem sýna fram á umtalsverða röskun á samkeppni í formi útilokunaráhrifa í kjölfar samsteypusamrunans svo íhlotast beri af þeirri ástæðu. Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum eru ekki vísbendingar um að samruninn styrki markaðsráðandi stöðu eða að samkeppni verði raskað að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Telur Samkeppniseftirlitið því hvorki forsendur til íhlotunar í máli þessu né ástæðu til frekari rannsóknar á mögulegum áhrifum samrunans og lýkur því meðferð málsins á fyrsta fasa.

I. Ákvörðunarorð:

„Kaup Starfish Bidco AS á Benchmark Genetics Limited og Benchmark Genetics Norway AS fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson